

Mosfellsbær 7. mars 2023

Andmæli vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi Þrastarhöfða og þar með stækkunum á húsum númer 14, 16 og 20.

Við í fjórbylishúsinu Þrastarhöfða 8 teljum þetta verulegar breytingar og erum mjög ósátt ef til þeirra kemur. Við andmælum og skiljum ekki hvernig þetta komst áfram af borði skipulagsnefndar. Gatan er orðin hluti af grónu hverfi og er ásýnd hennar orðin fullmótað. Götumynd Þrastarhöfða mun breytast til muna og fallega flæði götunnar mun hætta að njóta sín. Breytingarnar yrðu fordæmisgefandi fyrir önnur einnar hæðar hús og gæti orðið til þess að flestir mundu hætta að njóta birtu og víðsýni eigna sinna.

Þessar stækkanir munu þrengja að húsinu okkar, skyggja á útsýni, minnka næði, mynda skugga og fækka sólarstundum allt árið um kring. Mikið rask og ónæði mun fylgja framkvæmdum þessum þar sem um er að ræða 3 hús í sama botnlanga. Við teljum breytingar þessar muni rýra eignarétt okkar heimila og andmælum þessum breytingum harðlega.

Íbúar í íbúðum 201 og 202 eru tillölulega nýbúin að ganga í gegnum eigendaskipti og töldu sér trú um að hér væru engar fyrirhugaðar breytingar á hverfinu sem kæmi til með að raska útsýni og einkalífi. Þessar stórvægilegu breytingar skerða verðgildi íbúðanna verulega.

Íbúar í íbúðum 101 og 102 eru búnir að búa hér frá upphafi og búa hér enn vegna ánægju með skipulag, útsýni og sólarstundir, sem og það að hverfið er fullmótað og ekki var von á meira raski, sem við erum búin að ganga í gegnum við uppbyggingu götunnar.

Við teljum að þetta yrðu svik við okkur og aðra eigendur sem keyptu eignir sínar í núverandi deiliskipulagi og gerðu ráð fyrir því að eignin þeirra nyti sín í því fyrirkomulagi áfram. Við undirrituð munum koma til með áskilja okkur allan rétt til að fara með málið lengra ef þetta tilkomna deiliskipulag mun verða samþykkt.

María Ómarsdóttir kt. 210677-5859, íbúð 101

Ágúst Markússon kt. 250177-5939, íbúð 101

Harpa María Pedersen kt. 250375-3529, íbúð 102

Eiríkur Þorleifsson kt. 020173-4249, íbúð 102

Bryndís Björg Einarsdóttir kt. 170179-5879, íbúð 201

Hrönn Árnadóttir kt. 170890-2999, íbúð 202

Erlingur Sveinn Sæbjörnsson kt. 250294-2479, íbúð 202